

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag í Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 14. júlí 2005 samþykkt eftirtaldar breytingar á deiliskipulagi.

1. Bakkar 3 í Neskaupstað. Breyting á lóðum við Sólbakka.
2. Deiliskipulag fiskihafnar á Reyðarfirði. Bætt er inn lóð nr. 9 við Ægisgötu.

Uppdrættir og skilmálar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin og öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 4. júlí 2005.

F. h. Bæjarstjórnar Fjarðabyggðar,

Guðmundur Bjarnason.

STARFSREGLUR

stjórnar Samkeppniseftirlitsins.

1. gr.

Verkaskipting stjórnar og forstjóra.

Stjórn Samkeppniseftirlitsins fer með yfirstjórn stofnunarinnar. Stjórnin er hluti af innra skipulagi stofnunarinnar og kemur ekki fram sem sjálfstæður aðili. Stjórnin fjallar um þau málefni sem greinir í reglum þessum.

Forstjóri ber ábyrgð gagnvart stjórninni, kemur fram fyrir hönd stofnunarinnar, annast daglega stjórn á starfsemi og rekstri hennar og tekur ákvarðanir fyrir hönd hennar. Aðstoðarforstjóri er staðgengill forstjóra.

2. gr.

Mótun áherslna og eftirlit með starfsemi.

Stjórnin mótar áherslur í starfi og skipulagi Samkeppniseftirlitsins og staðfestir skipurit fyrir stofnunina.

Stjórnin fylgist með starfsemi og verkefnum stofnunarinnar. Skal forstjóri gæta þess að stjórnin sé á hverjum tíma upplýst um helstu þætti í starfsemi stofnunarinnar. Verkáætlanir sem gerðar skulu fyrir hvert ár kynntar í stjórn.

Ársskýrslur Samkeppniseftirlitsins skulu kynntar stjórninni áður en þær eru birtar.